

Skýrsla Æskulýðsnefndar Fáks starfsárið 2006 til 2007

Starfsárið byrjaði með námskeiði í nóvember þar sem Drífa Daníelsdóttir leiðbeindi foreldrum og börnum við gerð á hestaábreiðum.

Kynningarfundir fyrir börn og foreldra þar sem nefndarmenn í Æskulýðsnefnd og dagskrá vetrarins voru kynnt var haldinn í byrjun desember. Á fundinn komu reiðkennarar og kynntu námskeið vetrarins. Fundurinn var vel sóttur af börnum og foreldrum.

Um miðjan janúar hófust knapamerkjanámskeið, kennd voru þrjú stig, á fyrsta stigi voru 20 börn, á öðru stigi 10 börn og á fjórða stigi voru 14 börn. Kennarar á knapamerkjanámskeiðunum voru þeir Sigurbjörn Bárðarson og Róbert Petersen.

Almenn reiðnámskeið hófust um miðjan febrúarmánaðar og var þáttakan á þeim góð, tuttugu og fimm börn á aldrinum 6 til 12 ára tóku þátt í þeim. Kennari á þeim var Róbert Petersen

Úrtaka var 4. febrúar, fyrir börn sem vildu vera með á sýningunni Æskan og Hesturinn sem haldin var 10. og 11 mars. Atrið Fáks var áhættuatrið þar sem tuttugu og tvö börn á aldrinum ellefu til fimmtán ára sýndu hindrunarstökk klædd sem kúrekar og indíjánar. Þjálfari og höfundur atriðisins var Tómas Ragnarsson.

Árshátíð unglunga í hestamannafélögunum á höfuðborgarsvæðinu var haldin í Félagsheimili Mána 23. febrúar og fóru rúmlega tuttugu unglingar úr Fáki. Farið var í rútu ásamt unglingum úr Andvara, Gusti, Herði, Sóta og Sörla. Þar komu saman og skemmtu sér mjög vel þrúðbúnir unglingar úr Herði, Fáki, Andvara, Gusti, Sörla, Sóta og Mána. Eftir að hafa borðað ljúfengan mat sem eldaður var á staðnum af fólki úr æskulýðsnefndunum var dansað fram eftir kvöldi. Árshátíðinn var vel heppnuð og unglingarnir til fyrirmyndar.

Til stóð að hafa óvissuferð fyrir unglinga á aldrinum 13-16 ára helgina 30. mars. til 1. apríl. En felli þurfti hana niður vegna lítillar þátttöku.

Óvissuferð barna var þann 4. apríl. Hún var að þessu sinni suður með sjó og var m.a. farið í Fræðasetrið í Sandgerði, skoðuð voru hesthús og hestar á Mánagrund og endað á að fara í sund í mjög skemmtilegri sundlaug í Reykjavnesbæ. Fjöldi þátttakenda var um 25 börn og 3 fullorðnir.

Árlegt fjölskyldubingó Æskulýðsnefndar var haldið 28. mars og var það að venju mjög vel sótt. Í kaffihléi gæddu allir sér á nýbökuðum vöflum. Fjöldi vinninga var svo mikil að bingóinu lauk ekki fyrr rúmlega 22:00 en þá snéru allir heim ánægðir eftir skemmtilega kvöldstund.

Sprelldagur var haldin 28. apríl, þar var farið í leiki og þrautir og þátttakendur ásamt foreldrum gæddu sér á pizzum á eftir.

Formlegri dagská vetrarins lauk með sameiginlegum reiðtúr allra hestamannafélagana á höfuðborgarsvæðinu þann 13. maí. Frá Fáki fóru rúmlega tuttugu börn og foreldrar. Reiðin var á Hjallaflatir í Heiðmörk þar sem farið var í leiki og áður en haldið var heim gæddu menn sér á pizzum og gosi.

Þann 23. maí var útskrift af knapamerkjanámskeiðum sem hófust um miðjan janúar. Börnin fengu afhent prófskírteini sín og síðan gæddu allir sér á kræsingum af hlaðborði sem allir komu með meðlæti á.

Í Æskulýðsnefnd Fáks starfsárið 2006- 2007 voru:

Arngrímur Angantýsson, formarður

Erla Jóhannsdóttir, gjaldkeri

Björg Stefánsdóttir

Guðrún Edda Bragadóttir

Helga Olgeirsdóttir

Hilmar Guðmannsson

Ólöf Rún Tryggvadóttir

Sigurlaug Anna Auðunsdóttir